

Alþingi
Erindi nr. P 138/1894
komudagur 4.5.2010



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Efnahags- og skattanefnd
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 3. maí 2010

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda. 558. mál.

Samkvæmt frumvarpinu mun fyrirtækjum sem standa utan heildarsamtaka atvinnurekenda verða gert skylt að greiða iðgjald í sameiginlega fræðslusjóði launafólks og atvinnurekenda á sama hátt og þeim fyrirtækjum sem aðild eiga að samtökum atvinnurekenda. Dómur hefur fallið í þá veru að fyrirtæki (Íslensk erfðagreining) sem stendur utan samtaka atvinnurekenda sé ekki iðgjaldsskylt. Við breytinguna jafnast réttur launafólks til starfsmenntastyrkja og samkeppnisstaða fyrirtækja jafnast óháð aðild að samtökum atvinnurekenda.

Ákvæði þessa frumvarps er í samræmi við markmið sem sett voru fram í yfirlýsingu ríkisstjórnar, dags. 17. febrúar 2008, í tengslum við kjarasamninga á almennum markaði og áréttuð voru við gerð stöðugleikasáttmálans, dags. 25. júní 2009.

Samtök atvinnulífsins styðja umrætt frumvarp og hvetja til þess að það verði samþykkt.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins



aðstoðarframkvæmdastjóri